

Nám og kennsla

Aðalnámskrá grunnskóla er rammi utan um allt starf grunnskóla á Íslandi. Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina. Grunnþættirnir eru: *Heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun.*

Til hvers grunnþættir?

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum.

Grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarf

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Náms svið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.

Tengsl og eðli grunnþáttanna

Grunnþættir menntunar eru settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um

skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og þau er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að mótað nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Þá má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla eða skólastigs. Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði

skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

Læsi

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Í skólum hafa menn litið svo á að færni á þessu sviði væri fyrst og fremst bundin við einstaklinga og hægt væri að mæla hana, sumir væru fluglæsir en aðrir treglæsir eða jafnvel ólæsir. Með tímanum hafa hugmyndir manna um læsi breyst. Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu. Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaforða svipi mjög saman. Tölvur og stafræn samskiptatæki teljast víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og þykja orðið sjálfsögð verkfæri í skólastarfi. Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í skólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er hluti lýðræðismentunar.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að

skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta og má þar nefna sldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Efla þarf færni nemenda í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun. Nauðsynlegt er að þau öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan. Markmið þess er meðal annars að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Leggja þarf áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, og leggja þannig grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði. Vinna þarf náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist.

Sköpun

Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist

á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sköpun stuðlar að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Samfélagsgreinar

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.

Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, með því að útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda, sem órofa hluti af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar. Dæmi um slík gæði eru réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð .

Kennsluaðferðir og skipulag

Í Hlíðarskóla eru samfélagsgreinar sem rauður þráður í gegnum allt starf nemenda og starfsfólks. Að morgni hvers skóladags er Gæðastund þar sem nemendur og kennarar innan hvers hóps ræða saman um líðan, athafnir og langanir nemenda. Skipulag komandi kennsludags er kynnt, rætt um til hvers er ætlast og leiðir sem nemendur geta farið til að ná settum markmiðum. Nemendur hafa gott aðgengi að kennara sínum og öðrum starfsmönnum til að ræða það sem á þeim brennur allan skóladaginn. Nemendur og starfsfólk sitja saman við borð í tveimur máltíðum á dag. Þar fer fram lífsleiknikennsla. Frímínútur nýtast einnig sem kennslustund í lífsleikni, með áherslu á leik og gleði. Lífsleikni er auk þess á stundatöflum hvefarr bekkjardeildar fyrir sig. Í lífsleiknitímum er unnið að því að efla lykilhæfni nemenda.

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfnin snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsingaog ábyrgð og mat á eigin námi. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum:

Grunnpáttur	Áhersluþættir grunnpátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	<p>Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín.</p> <p>Verkefni unnin í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd nemenda.</p>
Jafnrétti:	<p>Allir fá að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum.</p> <p>Allir nemendur hafa sama rétt til náms.</p> <p>Nemendur læra að taka tillit til lífvera í umhverfinu.</p> <p>Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt.</p> <p>Nemendur skiptast á skoðunum og rökræða.</p>
Lýðræði og mannréttindi:	<p>Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum.</p> <p>Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluáferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu.</p> <p>Verkefni unnin í para- og hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir.</p>
Læsi:	<p>Að nemendur séu virkir í að skapa eigin merkingu á persónulegan hátt í því sem þeir lesa og styðjast við þá miðla og tæki sem völ er á.</p> <p>Nemendur læra að nýta sér ýmsa miðla við úrlausn verkefna.</p> <p>Nemendur læra að lesa fræðilega texta tengda námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt.</p>
Sjálfbærni:	<p>Nemendur vinna með umhverfi sitt.</p> <p>Að nemendur geti tekist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélagsins.</p>

Sköpun:

Að nemendur öðlist frelsi og sjálfstæði í hugsun og nýti
ímyndunaraflíð til skapandi verka.
Hópavinna og kynningar þar sem nemendur hafa sköpun að
leiðarljósi.
Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er víðtækt og margbrotið. Kennslan hefur það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnst mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu.

Íslenskunámið leggur því grunnin að færni nemandans til að tjá sig og afla sér upplýsingar. Námið fléttast margvíslega inn í allar kennslustundir og er áhersla lögð á að nemendur nái góðu valdi til að tjá sig á sem fjölbreyttastan hátt. Efnistöð kennslunar taka mið af áhugasviði nemenda ásamt því að önnur fög eru samþætt við íslenskunámið

Einstaklingsmiðuð námskrá nemanda er að finna á persónulegu svæði hvers nemenda fyrir sig á Mentor.

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, endursegja ýmis konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er.

Nemendum eru kynntar reglur í stafsetningu og notkun greinarmerkja. Þjálfun í stafsetningu er samþætt við aðrar námsgreinar. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu.

Lögð er áhersla á fjölbreytni í orðavali við ritun og hvernig skýr framsetning á texta eigi að vera. Fjölbreytt ritunarverkefni eru unnin og ritunin samþætt við aðrar námsgreinar þegar tækifæri gefast.

Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti sér þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald mismunandi texta. Verkefni verða unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu. Umræða verður reglulega um þær bækur sem nemendur eru að lesa hverju sinni til að nemendur geti skipst á skoðunum.

Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræðinnar og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar sem er ætlað að gera þá að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðiþekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi. Notaðar verða fjölbreyttar kennsluaðferðir og margvísleg verkefni.

Áhersla lögð á metnað og vönduð vinnubrögð.

Grunnpættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar í íslensku:

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Tekið verður mið af þörfum allra hvað varðar nám í íslensku til að skapa líkamlega og andlega vellíðan, skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.
Jafnrétti:	Nemendur fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá verkefni við hæfi eins og kostur er. Stefnt er að því að byggja upp og skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi sem byggir á jafnrétti og réttlæti. Jafnrétti verður haft að leiðarljósi í allri vinnu í skólastofunni s.s. í hópavinnu. Umræður og hugtakavinna tengd jafnrétti verða teknar fyrir.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun sem gerir nemendur meðvitaðri um mannréttindi þeirra og það að vera þegn í lýðræðisríki. Lýðræðisleg vinnubrögð verða ávallt höfð að leiðarljósi og í umræðum er þess gætt að sjónarmið allra fái að njóta sín.
Læsi:	Læsi er þáttur sem kemur inn á flesta þætti skólastarfsins. Læsi er viðamikil og er áhersla lögð á að nemendur verði læsir á sitt nánasta umhverfi. Gert er ráð fyrir að nemendur verði læsir á sjálfan sig og samnemendur sína sem gerir þeim kleift að takast betur á við sín eigin verkefni. Nemendur kynnast hugtökum tengd læsi í víðum skilningi og í mismunandi námsgreinum.
Sköpun:	Sköpun er gríðarstór þáttur í starfi nemandans í íslensku. Nemandi hefur tækifæri til að skapa sín eigin verk og er það í hans höndum hversu vel tekst til. Sköpun í ritun, ljóðum, framsögn eða bókmenntaverki er ómetanleg í verkum nemenda í íslensku. Skapandi nemandi gleður meira en margt.

Stærðfræði

Stærðfræðikennslu í Hlíðarskóla er hagað þannig að áhugi nemenda á stærðfræði aukist og að þeim áhuga sé viðhaldið og að nemendur öðlist tiltrú á eigin hæfni til að beita henni við margvíslegar aðstæður og leysa fjölbreytt viðfangsefni.

Kennslan byggist á virðingu fyrir hugsun nemenda. Leitast er eftir að stærðfræði geti orðið nemendum tæki til að skoða eigin aðstæður og samfélagið með gagnrýnum hætti og stuðlað að jafnrétti, gagnrýnni hugsun og aukinni ábyrgð nemenda í daglegu lífi, m.a. hvað varðar ákvarðanir um eigin fjármál og neyslu.

- Stærðfræðinámið leggur grunninn að færni nemandans til að skilja eiginleika hluta og samhengi þeirra við daglegt líf.
- Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag.
- Fyrsta stærðfræðireynsla barna er tengd við daglegt líf, leiki, spil og önnur áhugamál. Leiðirnar í stærðfræðináminu eru því sem mest samofnar reynsluheimi nemandans og stærðfræðilegum úrlausn.

Kennsluáferðir og skipulag

Áhersla er lögð á samræður í stærðfræði, hlutbundna vinnu, leiki og þrautir. Innlögn kennara er við upphaf hvers námsþáttar þar sem viðfangsefni eru útskýrð, nemendur fá einstaklingsmiðaðaáætlun fyrir hvern námsþátt til að vinna eftir. Vel er farið yfir nýja námsþætti einstaklingslega og/eða yfir hóp eftir atvikum sem eiga við hvert sinn. Unnið er einstaklingslega, í þörum eða hópum eftir því sem hentar hverju sinni.

Nemendur eru staddir á ólíkum stöðum í náminu og vinnur hver nemandi að einstaklingsmiðuðum námsmarkmiðum. Námsmarkmið hvers nemanda má finna á mentor.is

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Verkefni valin með velferð hvers nemanda í huga.
Jafnrétti:	Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Leitast er við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.

Lýðræði og mannréttindi:	Réttur allra er virtur og lýðræðislegar ákvarðanir teknar í hópum eða bekk þegar það á við. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
Læsi:	Nemendur verði læsir á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra. Nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í þrautalausnum. Nemendur verði læsir á aðgerðartáknin og stærðfræðileg tákn m.a. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman. Verkefni unnin þar sem nemendur læra að lesa út úr tölfræðigögnum.
Sjálfbærni:	Nemendum kennt að huga að eigin velferð og annarra þar sem skapað verður vinnuumhverfi sem er á ábyrgð allra nemenda. Verkefni sem unnin eru í öðrum fögum, t.d. íslenska og samfélagsfræði, verða samþætt stærðfræði eins mikið og mögulegt er.
Sköpun:	Í vinnu í stærðfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til tjáningar t.d. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. Þrautalausnir fela í sér ólíkar útfærslur hugmynda, einstaklingsmiðuð skapandi útfærsla. Unnið verður í hópum þar sem ákveðið þema er tekið fyrir og nemendur ákveða hvernig þeir vilja skapa og skila afrakstri þeirrar vinnu.

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

Enska

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum í viðskiptum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Kennsluaðferðir og skipulag

Aðaláhersla er á talað mál og hlustun en einnig á að þjálfast lestur og ritun með einföldum textum og verkefnum. Í hverjum efnishluta eru samtöl, textar og æfingar á mismunandi þyngdarstigum. Í æfingunum gefast tækifæri til að æfa mismunandi málnotkun, s.s. að spyrja og svara spurningum, lýsa hlutum, segja frá og útskýra. Málfræði er kynnt og æfð með því að beita málinu og með samræðum.

Kennsluaðferðir miðast við að þjálfast bæði leikniþætti (skrift og tal) og skilning (hlustun og lestur). Vinnubrögð kennslustunda byggjast því á hlustun, lestri, skriflegum æfingum, söng, samræðum og samvinnu (pör eða hópar). Auk þess er farið í málfræðiæfingar til að styrkja þann þátt.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín.
Jafnrétti:	Allir fá að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemandur þjálfast í að hlusta á alla í bekknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun.
Lýðræði og mannréttindi:	Verkefni unnin í para- og hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir.

Læsi:	Lesnir margs konar textar til að þjálfra læsi og auka orðaforða í ensku.
Sjálfbærni:	Nemendur vinna með umhverfi sitt.
Sköpun:	Áhersla á að nemandi fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

Náttúrufræði.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla þurfum við Íslendingar, í samfélagi þjóða, að vera meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar. Allir eiga að geta tekið virkan þátt í samfélagi, þar sem umræður og ákvarðanir hversdagsins grundvallast á upplýstum og gagnrýnum viðhorfum. Nám í náttúrugreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta, og viti hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Áhersla er lögð á vísindalæsi þar sem nemendur geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns ásamt því að geta notað og skilið hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi, sem og skilið samspil manns og náttúru.

Kennsluaðferðir og skipulag

Sjónum nemenda verður beint að ýmsum þáttum sem mikilvægir eru fyrir náttúrugreinar og reynt verður eftir fremsta megni að byggja ofan á fyrri reynsluheim nemenda. Beint verður sjónum m.a. að samspili manns og náttúru, nemendum verður gefið tækifæri til að taka þátt í rannsóknarstarfi, þeir fá tækifæri til að byggja upp orðaforða sinn í náttúrugreinum og þjálfast í notkun hans, nemendur fá þjálfun í vinnubrögðum, framkvæmi einfaldar athuganir og fá tækifæri til að upplifa og draga ályktanir af reynslu sinni. Umgengni um náttúruna verður tekin fyrir og áhersla verður á umhverfismennt, nemendur eru hvattir til að gefa henni gaum og skerpa skynjun þeirra á umhverfinu.

Unnið verður með fjölbreyttar kennsluaðferðir; í þörum, hópum og einstaklingslega. Reynt verður að hafa kennsluna fjölbreytta og nálgast viðfangsefnið á sem fjölbreyttastan hátt bæði inni og úti.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Það að kynnast náttúruvísindum skapar bætt velferð einstaklingsins. Það er undir okkur komið hversu vel okkur gengur að taka til okkar námsþætti og láta þá lita líf okkar. Náms efni vetrarins fer inn á lífríkið í sjónum, mannlíkamann og furðuverk hans í allri sinni dýrð. Einnig skoðum við hinn stórkostlega himinngem.
Jafnrétti:	Allir nemendur eiga jafnan rétt til náms og verður leitast við að höfða jafnt til allra nemanda. Hugtakið jafnrétti verður kynnt og kemur það fyrir í námsefni vetrarins. Verkefni verða unnin um samskipti, virðingu, umburðarlyndi, framkomu, vináttu, einelti o.fl.

Lýðræði og mannréttindi:	Hver nemandi hefur sinn reynsluheim af náttúrunni og umhverfinu og þarf að halda áfram að byggja ofan á þekkingu hvers og eins. Nemendur þurfa tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita því athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingu úr heimildum og athugunum, jafnframt að treysta á forvitni sína. Í verkefnum vetrarins er fjallað um tengsl umhverfisins og mannsins og hvers sterkur ertu gagnvart því að standast freistingar, einnig er farið inn á þann rétt sem allir hafa á því að vera þeir sjálfir.
Læsi:	Nemendum er gert kleift að efla sitt eigið náttúrulæsi með fjölbreyttum námsgögnum, lestri ólíkra bóka/texta/fræðigreina innan náttúruvísindanna og með því að læra að lesa í umhverfi sitt og upplifa náttúruna á fjölbreyttan hátt. Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Einnig er farið inn á hugtakalæsi.
Sjálfbærni:	Nemendur fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar. Rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi. Þannig ætti þekking og skilningur nemenda á grunnmarkmiðum sjálfbærrar þróunar að aukast, ásamt vilja til að tileinka sér þau. Hugtakið sjálfbærni verður rætt og útskýrt.
Sköpun:	Nemendur þurfa að átta sig á því að þekkingu þarf að fylgja upplifun, ímyndunarafl og sköpun. Einnig þurfa þeir að átta sig á því að vísindaleg þekking er ekki algild og tekur breytingum.

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

Upplýsinga- og tæknimennt

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Einnig felst í upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi þarf að eiga sér stað alla skólagöngu nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum og höfundarétt.

Hlíðarskóli nýtir Amtsbókasafnið á Akureyri til viðbótar við sitt bókasafn. Þangað sækja nemendur námsefni, lesefni og annað sem sökum smæðar skólans er ekki aðgengilegt í skólahúsnæðinu. Skapast þar vettvangur til að efla læsi nemenda í víðum skilningi og þjálfu þá í að beita upplýsingatækni.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð.

Kennsluaðferðir og skipulag

Sýnd verða tiltekin vinnubrögð og aðferðir. Nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sem krefjast ígrundunar, frumkvæðis og aðferða sem opna sífellt á nýja möguleika. Verkefni verða unnin í tölvu og iPad, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra nemendur. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga sem gagnast þeim við annað nám.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í upplýsinga- og tæknimennt:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Nemandi beitir réttum vinnustellingum og vinnubrögðum.

Jafnrétti:	Nemandi nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til gagns og gamans, tekur tillit til skoðana annarra.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemandi fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og hefur áhrif á útkomu. Nemandi vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar. Nemandi kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð
Læsi:	Nemandi tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu og nýtir gagnvirkt námsefni.
Sjálfbærni:	Nemandi tekur þátt og nýtir sér notkunarmöguleika hug- og tækjabúnaðar og gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt.
Sköpun:	Nemandi nýtir tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt og hæfileika sína og skapar afurð.

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

Skólaípróttir

Í Aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um heilbrigði og velferð sem einn af grunnþáttum í skólastarfi. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Námsgreinin skólaípróttir gegnir veigamiklu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Helstu þættir heilbrigðis sem lagt er áherslu eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmýnd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Með áherslu á daglega hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Í skólaípróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd hvers einstaklings.

Ípróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Leikir og samvinnuverkefni gera þær kröfur til nemenda að þeir temji sér aga og tillitssemi. Þeir læra einnig að vinna með öðrum og hvetja félagi sína til dáða.

Sundkennsla styrkir sjálfsmýnd og eykur sjálföryggi einstaklingsins. Sund er góð leið til heilsuótta enda er aðgengi að góðri sunaðstöðu almennt afar gott hér á landi. Allir þurfa að njóta styrkleika sinna til að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd.

Kennsluáðferðir og skipulag ípróttar

Hefðbundin ípróttakennsla í ípróttahúsi að Þelamörk og útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar ípróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvapjálfun, ýmsar aðrar ípróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

Grunnþættir menntunar ípróttar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ípróttum:

Grunnþáttur		Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	og	Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Jafnrétti:	Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi:	Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sköpun:	Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

Kennsluaðferðir og skipulag sundtíma

Hefðbundin sundkennsla í Íþróttamiðstöðinni þelamörk. Allir nemendur Hlíðarskóla sækja sundtíma á sama tíma. Nemendum er skipt í hópa, og raðað niður í sundlaug eftir aldri og færni. Kennarar fara yfir reglur, leiki og sýna með sýnikennslu allar sunndaðferðir, björgunarsund, marvaði og stungur. Sundkennsla byggist upp á miklum fjölda endurtekninga. Áhersla lögð á að nemendum líði vel í vatninu og að þeir öðlist öryggi í því í gegnum ýmsa leiki og æfingar.

Grunnþættir menntunar tengdir sundi

Grunnþáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Jafnrétti:	Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar. Gagnkvæm viðing milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu Íþróttamiðstöðvarinnar. Jafnræðis gætt þegar skipt er í hópa.
Læsi:	Hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun:	Líkamstjáning í vatni

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.

List- og verkgreinar

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla fá nemendur í list- og verkgreinum tækifæri til að þroska með sér sjálfstætt gildismat þar sem lögð er áhersla á að kynna og njóta list- og verkmenningar. Þátttaka og þjálfun í gagnrýnni umræðu um handverk og listir veitir nemendum einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins.

Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna. Allir hafa hæfileika til að skapa en í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Þar fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu.

Kennsluaðferðir og skipulag

Í myndmennt er teiknað, litað og málað. Með eins mörgum tegundum verkfæra og hægt er. Unnið er úr pappír, klippið, skorið og settar saman klippimyndir af öllu tagi. Unnið með form, lita og skuggafræði. Fjarvídd, hlutateikning ásamt frjálsri sköpun og tjáningu með og í gegnum sem flesta miðla. Unnið þverfaglega með texta, orð og myndskreytingar út frá huglægri nálgun. Að loknu hverju skylduverkefni stendur ætíð til boða að vinna frjálst. Innlögn munnleg, sjónræn á töflu eða tekin sjónræn dæmi hjá hverjum og einum fyrir sig. Einstaklingsmiðuð námskrá. Reynt að gera verk nemenda sýnileg opinberlega a.m.k. einu sinni á ári með gluggamálun t.d. í verslun eða fyrirtæki.

Í handmennt er farið í gegnum almenna notkun verkfæra, hvað þau heita og til hvers notuð. Farið í gegnum öryggisatriði og mikilvægi þess að taka tillit. Notkun hlífðar og öryggisbúnaðar.

Íslenskar viðar tegundir kynntar ásamt erl. Smíðisgripir vetrar/skólaárs kynntir. Nythlutir sem og skraut munir. Eldri deildir prófa rennismíði í tré. Unnið er úr tré, beini og horni, kýr og hreindýrshorn. Skartgripir, úr beini, horni eða týndir steinar í fjöru sem svo slípaðir. Áhersla á endurnýtingu, nýtanlegt afsag notað í trémósaik verk. Hvernig nýta má ýmislegt úr náttúrunni, okkar nánasta umhverfi. Unnið er eftir teikningum og ákveðnir gripir smíðaðir. Kynning á smíðavinnu úr járn, snyttað og prófað að skera og sjóða málm. Að loknum ákveðnum skylduverkefnum er í boði að vinna ýmisleg frjáls verkefni

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í *Myndmennt*

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í myndmennt til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til listsköpunar og handverks.
Jafnrétti:	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með myndsköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Læsi:	Nemendur læra myndlæsi, lesa sér til um sögu og aðferðir og að skapa eigin sögu með myndsköpun.
Sjálfbærni:	Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og að fara vel með efni til myndsköpunar.
Sköpun:	Nemendur náí að vinna úr eigin hugmyndum á persónulegan hátt og túlka í myndsköpun og í umræðu. Farið í grunnpætti myndsköpunar, lítafræði og formfræði, auk þess að skoða sögu lista.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar í *hönnun og smíði*

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í hönnun/smíðum til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til sköpunar og handverks. Lögð veður áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að umgangast verkfæri og tæki af varkárni.

Jafnrétti:	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Læsi:	Að þekkja eiginleika mismunandi efna og þekkja heiti á mismunandi viðartegundum. Að þekkja helstu verkfæri og hvernig þau eru notuð. Að geta lesið einfalda smíðateikningu.
Sköpun:	Nemendur nái að vinna úr eigin hugmyndum á persónulegan hátt og túlka í myndsköpun og í umræðu. Farið í grunnþætti myndsköpunar, litافرæði og formfræði, auk þess að skoða sögu lista.

Námsmarkmið

Nemendur vinna að einstaklingsmiðuðum markmiðum. Námsmarkmið nemenda má finna í Lotum á mentor.is hjá hverjum nemanda.